



Reykjavíkurborg  
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 10. febrúar 2020  
Tilvísun í mál: R20020070

Til borgarráðs  
Ráðhús Reykjavíkur

**Efni: Heimild til að nota fjármagn til að ráða sérfræðinga og verkefnastjóra**

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði Reykjavíkurborgar að ráðstafa fjármagni sem ætlað er til stuðnings við innleiðingu upplýsingastjórnunarkerfisins Hlöðunnar, á kostnaðarstað 01395 á fjárfestingaráætlun 2020 (88 milljónir), til ráðningar á sérfræðingum og verkefnastjórum til að fylgja innleiðingu Hlöðunnar eftir og tengingu skjalastýringar við gagnþjónstu borgarinnar.

Vísað er til bréfs þess efnis, dagsett þann 10. febrúar 2020.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri



Reykjavík, 10. febrúar 2020

R20020070

ÞON

ÓPG

## Bréf

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Óli Páll Geirsson, skrifstofustjóri Gagnaþjónustu

---

### *Efni: Heimild til að nota fjármagn til að ráða sérfræðinga og verkefnastjóra*

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði Reykjavíkurborgar að ráðstafa fjármagni sem ætlað er til stuðnings við innleiðingu upplýsingastjórnunarkerfisins Hlöðunnar, á kostnaðarstað 01395 á fjárfestingaráætlun 2020 (88 milljónir), til ráðningar á sérfræðingum og verkefnastjórum til að fylgja innleiðingu Hlöðunnar eftir og tengingu skjalastýringar við gagnaþjónstu borgarinnar.

#### ***Greinargerð:***

Innleiðing nýs upplýsingastjórnunarkerfis Reykjavíkurborgar, sem fengið hefur heitið Hlaðan, er hafin. Um er að ræða eina stærstu hugbúnaðarinnleiðingu sem borgin hefur farið í og er það mikið hagsmunamál fyrir borgina að innleiðingin gangi vel. Markmiðið er að innleiða kerfið hjá öllum einingum borgarinnar fyrir lok ársins 2020 og er því ljóst að risastórt verkefni er framundan, þá sér í lagi við að breyta verklagi hjá starfsfólki borgarinnar við meðhöndlun upplýsinga og skjala.

Í ljósi þessa er lagt er til að ráðnir verði inn sérfræðingar, tímabundið til tveggja ára, í notkun Hlöðunnar. Hlöðusérfræðingar verði bakland verkefnastjóra innleiðingar og ofurnotenda Hlöðunnar á meðan á innleiðingu stendur og síðar notenda kerfisins almennt. Þeim er einnig ætlað að búa til kynningarefni fyrir Hlöðuna t.d. handbækur og kennslumyndbönd. Um er að ræða aðila sem eiga að sjá til þess að borgin verði sjálfbær um að þjónusta kerfið til frambúðar og/eða fram yfir innleiðingu þess.

Einnig er lagt til að ráða tímabundið verkefnastjóra í breytingastjórnun sem innleiða mun nýtt verklag hjá einingum borgarinnar. Um að ræða aðila sem hafa mun yfirsýn yfir stöðu eininganna í breytingarferlinu hverju sinni og hvernig best sé að ná breytingum fram hjá tilheyrandi einingum.

Kostnaðarstaður: 01395.

Kostnaðaráætlun vegna starfsemi ársins 2020: 88 mkr.

Virðingarfyllt,  
Óli Páll Geirsson